

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2005

frá 10. júní 2005

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2005 frá 29. apríl 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005 frá 26. janúar 2005 um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og til gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19q (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1222/2004) í XXI. viðauka við samninginn:

„19r. **32005 R 0116**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005 frá 26. janúar 2005 um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og til gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (Stjtíð. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB, KBE) nr. 116/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 59 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 6.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.